

Orkugerðin ehf  
Heiðargerði 5  
801 Selfoss

9. febrúar 2026  
UOS2501449/H.M.V.

## Efni: Svar við úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 3. október 2025, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í reglubundnu eftirliti í Orkugerðina ehf. þann 8. ágúst 2025. Þann 23. Október 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Áætlanir vegna rekstrarstöðvunar voru ekki til staðar við eftirlit en til staðar þurfa að vera áætlanir er fjalla um tímabundna rekstrarstöðvun og ef rekstur stöðvast óvænt og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. **Rekstraraðili lagði fram lýsingu á áætlununum og hafa þær tekið gildi. Úrbætur verða teknar út í eftirliti ársins 2026.**
2. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Endurskoða þarf starfsleyfið vegna breytinga á niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt. Óskað hefur verið formlega eftir BAT greiningu frá rekstraraðila og er farið fram á tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt. **Rekstraraðila var leiðbeint frekar varðandi BAT þann 3. september 2025. Þann 29. október 2025 sendi eftirlitsaðili erindi á rekstraraðila í tölvupósti, þar sem fram kom að stofnunin gæti ekki fallist á þær áætlanir varðandi frávikið er lagðar voru fram af rekstraraðila. Stofnunin telur að brýnt sé að rekstraraðili forgangsraði BAT greiningu umfram það sem þar kom fram, sér í lagi þar sem hlutar BAT varða atriði er lúta að lyktarstjórnun og hægt er að tileinka starfseminni nú þegar og mikilvægt í ljósi þess að tíðni lyktarkvartana er veruleg og regluleg. Í erindi frá eftirlitsaðila kom fram að ef ekki yrði lögð fram frekari tillaga frá rekstraraðila með raunhæfu tímaviðmiði, myndi stofnunin setja fram tímamarkmið þess efnis. Frestur til að koma fram með raunhæfa áætlun miðuðust við 5. nóvember 2025, engin tillaga að**

**tímaviðmiðum barst stofnuninni frá rekstraraðila. Í erindi þessu er því tímafrestur settur að koma fram með greiningu á BAT og leggja fram til Umhverfis- og orkustofnunarinnar og er til og með 1. maí 2026. Í greiningunni þarf að koma fram upplýsingar um hvernig rekstraraðili samræmist BAT-niðurstöðum.**

3. Gr. 2.14 og 3.13 í starfsleyfi. Öryggisblöð vegna efna sem geymd eru á rekstrarsvæði eru ekki til staðar en rekstraraðila er skylt að frágangur sé þannig af olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða grunnvatn. Sérstaklega þarf að bæta aðstöðu við vesturhlið Orkugerðarinnar þar sem olíu/ fituafurðum er ráðstafað frá verksmiðjunni. Sjá þarf til þess að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og að frágangur á geymum og lögnum og áfyllingarsvæði séu í samræmi við rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili skal einnig halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Ráðstafa skal jafnóðum frá starfstöð tómunum ílátum, þá sérstaklega þeim sem hafa verið notuð til geymslu á skaðlegum efnum. **Samkvæmt úrbótaáætlun verður öryggisblöðum bætt við og gerð aðgengileg í verksmiðjunni og frágangur olíubirgða, olíuúrgangs, eiturefna og hættulegra efna yfirfarinn svo tryggt sé að þau geti ekki borist út í umhverfið og áætlað að sú yfirferð ljúki fyrir 1. Desember 2025. Áformuð endanleg tiltekt og bæting á lóð er áætlað að ljúki 15. maí 2026. Á áætlun er einnig lagt til að malbika útisvæði og setja upp þvottaástöðu með fitu/olíugildru og kemur fram í áætluninni að tímasetning þeirra áætlunar ráðist af niðurstöðu rekstraráætlunar fyrirtækisins 2026/2027. Úrbætur verða teknar út í eftirliti ársins 2026.**
4. Frávík nr. 3 skarast á við nr. 4. og er því sett fram í einni umfjöllun hér að ofan. **Úrbætur verða teknar út í eftirliti ársins 2026.**
5. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Varðar umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili viðhefur viðhaldsstjórnunarkerfi, en ekki var sýnt fram á umhverfisstjórnunarkerfi við eftirlit en skv. starfsleyfi ber rekstraraðila að vinna eftir kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er undirbúningur hafinn að endurgerð og uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis í samráði við verkfræðistofu. Áformar rekstraraðila að fyrsta útgáfa þess kerfis verði tilbúin til skoðunar 1. apríl 2026 og verða úrbætur metnar í eftirliti ársins 2026.**
6. Gr. 3.12 í starfsleyfi. Varðar fyrirbyggjandi viðhald, en til staðar þarf að vera áætlun um viðhaldspörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á mengunarvarnarbúnaði og áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Óskað er eftir uppfærðri áætlun með tímasettum viðmiðum með uppsetningu á lífsíum, sem áætlað er að verði bætt viðbót við mengunarvarnir rekstraraðila og gera þarf þá grein fyrir öðrum endurbætum sem þarf að koma á, endurskoða þarf slíka áætlun reglulega út frá stöðu hvers tíma, óskað er eftir að gerð sé grein fyrir henni við skilum ársyfirlits árlega. **Í úrbótaáætlun kemur**

fram að Orkugerðin áformar að koma upp frekari mengunarvarnarbúnaði, þ.e. lífsíu sem viðbót við þann mengunarvarnarbúnað sem til staðar er og í samráði við erlenda ráðgjafa. Unnið sé að hönnun og bestun afsogs frá mikilvægum lyktaruppsprettum en áformað er að setja búnaðinn upp sumarið 2026 og að hann verði tekinn í notkun í september 2026. Kemur einnig fram að mikið af búnaði Orkugerðarinnar hafi verið uppfærður og endurnýjaður sem og hlutar húsnæðisins sjálfs. Úrbætur eru samþykktar með því skilyrði að tímaviðmið standist og að uppsettur búnaður virki, taka þarf út frávík að uppsetningu lokinni.

7. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Vegna ófullnægjandi skráninga, ekki lágu fyrir teikningar af frárennsli við skil ársyfirlits, óskað var því eftir teikningum og lýsingu af frárennsli (rotþrær, fitugildir, olíuskiljur) sem og einfaldri afstöðumynd yfir allan þann búnað sem til staðar er innan verksmiðjunnar, legu m.t.t. byggingar, staðsetninga og mengunarvarna (t.d. lekavörn, frárennsli), skulu þær vera lýsandi fyrir núverandi afstöðu verksmiðjunnar. **Við skil úrbótaáætlunar lagði rekstraraðili fram afstöðumynd af verksmiðjunni og frekari lýsingu á fráveitu, þeim upplýsingum ber að skila inn samhliða skilum á ársyfirliti og uppfæra samhliða breytingum og þarf að staðfesta hvort þeim sé lokið við næstu skil ársyfirlits.**
8. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Varðar mælingar skv. gr. 3.5. Ekki voru framkvæmdar mælingar vegna ársins 2024. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna eldra frávíks, frávík er hins vegar ólokið þar til úrbætur hafa farið fram og mælingar liggja fyrir. **Þann 13. janúar sl. skilaði rekstraraðili inn útblástursmælingum í samræmi við gr. 3.5 í starfsleyfi. Ber rekstraraðila að sjá til þess að mælingar héðan af fari fram þegar starfsemin er í hámarksafköstum og niðurstöðum skilað innan tilskilins tíma í samræmi við starfsleyfi. Frávíki er lokið.**

### Staða eldri frávíka:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi og varðar að aðgangur að athafnasvæði rekstraraðila skuli vera takmarkaður. **Í úrbótaáætlun frá rekstraraðila kom fram að samtali hafi verið hafið við Flóahrepp um girðingar og hlið umhverfis lóðirnar í Heiðargerði og að ekki lá fyrir niðurstaða í því samtali. Kom fram að hafinn væri undirbúningur að uppsetningu á girðingum og aksturshliðum og yrði verktaki fenginn í uppsetningu á girðingum fyrir áramót 2025/2026. Eingöngu er hægt að loka frávíkinu þegar staðfesting liggur fyrir frá rekstraraðila að úrbætur hafa farið fram, verður því staðan tekin út í eftirliti 2026.**
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi (og gr. 4.2) og varðaði að ekki hefur farið fram vöktun á útblæstri árin 2023 og 2024 sem eiga að fara fram árlega og birta í skilum ársyfirlits. **Rekstraraðili hefur bætt úr frávíki og framkvæmdi mælingar haustið 2025 (sbr. frávík nr. 8 hér að ofan).**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar. Endanleg afgreiðsla fráviks nr. 2 er varðar BAT-greiningu er háð því að fullnægjandi gögn berist til Umhverfis- og orkustofnunar innan tilgreinds tímafrests.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*  
sérfræðingur, teymi eftirlits

*Ágúst Már Sigurðsson*  
lögfræðingur, teymi eftirlits